Nd. **876. Tillaga til rökstuddrar dagskrár** [186. mál]

í málinu: Frv. til l. um Kennaraháskóla Íslands.

Frá Jóni Kjartanssyni, Ágústi Þorvaldssyni, Halldóri E. Sigurðssyni og Birni Pálssyni.

Vegna þeirra mótmæla, er fram hafa komið gegn frv. þessu, m. a. frá háskólamenntuðum kennurum, og þar sem frv. í skólamálum, er lögð voru fram jafnhliða frv., verða ekki afgreidd á þessu þingi og samþykkt hefur verið í Ed. að endurskoða lögin, ef samþykkt yrðu, að tveim árum liðnum, telur neðri deild Alþingis betri vinnubrögð að fresta afgreiðslu málsins nú og undirbúa málið betur fyrir næsta Alþingi, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.